

Innviðaráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 139/2023.

Reykjavík, 11. september 2023

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára (hvítbók um húsnæðismál)


Hvítbók um húsnæðismál er einkum ætlað að hvetja til umræðu um drög að húsnæðisstefnu sem þar eru sett fram. Lífeyrissjóðir landsins hafa í áratugi með ýmsum hætti komið að fjármögnun húsnæðis. Talsverð umræða hefur farið fram um að þörf sé á breytingum á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða til að auka fjölbreytileika í aðkomu þeirra að fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Í hvítbókinni er m.a. komið inn á það að lífeyrissjóðum verði gert kleift að koma að uppbyggingu húsnæðis en slík áform kunni að kalla á lagabreytingar.

LL vilja vekja athygli á því að um þessar mundir er unnið að grænbók um lífeyriskerfið. Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði þann 22. mars sl. starfshóp um gerð grænbókarinnar og er starfshópnum falið að skila drögum að fullbúinni grænbók um lífeyriskerfið fyrir 1. desember n.k. Í þessari vinnu verður m.a. tekin umræða um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og þá hvað megi betur fara í þeim efnum.

Með vísan til þess að nú er unnið að gerð grænbókar um lífeyrissjóðakerfið þá er það mat LL að rýni á þá lagaumgjörð og reglur sem taka til fjárfestingarheimilda sjóðanna, s.s. til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði með einum eða öðrum hætti eigi heima í þeirri vinnu. Tekið skal fram að LL telja afar brýnt að sá lagarammi verði rýndur og gerður skýrari en nú er.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri